



6. stjórnarfundur LH

6. febrúar 2017 kl. 15:00 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mættir úr aðalstjórn: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Andrea M. Þorvaldsdóttir, Eyþór Jón Gíslason, Haukur Baldvinsson

Mættir úr varastjórn: Sóley Margeirsdóttir, tekur sæti í aðalstjórn, Stefán G. Ármannsson, S. Rúnar Bragason

Fjarverandi: Helga B. Helgadóttir aðalstjórn, Ingimar Ingimarsson og Magnús Benediktsson varastjórn

Gestir: Hilda Karen Garðarsdóttir og Þórdís Anna Gylfadóttir starfsmenn LH

1. Fundargerð 4. fundar og 5. fundar (símafundur)

Samþykktar

2. TREK samantekt og aðild að FITE

ÞAG fór yfir punkta sem hún hafði tekið saman. Ferli Trec innan LH er frá 2010, var fyrst kynnt á LH þingi 2012 og svo aftur 2014. LH gerðist aðili að alþjóðasamtökum um hestaferðamennsku, FITE árið 2013 og greidd voru árgjöld fyrir árin 2013 og 2014. ÞAG leggur til að halda áfram þessu starfi, setja nefndina sem vann að þessu máli aftur í gang og jafnvel auglýsa eftir nýju og áhugasömu fólki. Samþykkt var að halda okkur inni í FITE og greiða ógreidd árgjöld (2015 og 2016).

3. LH TV & Ozið - staðan í dag og framtíðin

Staðan í dag er sú að hægt er að kaupa sér dagpassa og mánaðarpassa. Þarna inni er mikið af efni, LM2014 og 2016, eldri landsmót og fleira. LH fær 70% af tekjum og Oz 30%. ÞAG kom með upplýsingar og samantekt um málið. LH ber engan kostnað af þessu en það sem er erfiðast í þessu er tæknihliðin. Fyrir hvert mót þarf að fá tæknimann til að setja upp það sem þarf en svo geta mótshaldarar sjálfir haft sinn myndatökumann. Samþykkt að ÞAG myndi ræða frekar við tæknifyrirtæki sem gæti séð um að koma og setja upp tæknihliðina fyrir hvert mót og myndi kynna þetta frekar á næsta fundi.

4. WF myndbönd - kynning

Myndböndin inni á WF voru kynnt á nýliðnu FEIF þingi, n.t.t. á formannafundi þingsins. Umræðan var góð og undirtektir sömuleiðis. Talað er um að fá heimsmeistaramótin líka inná WF. Sent verður bréf og kynningarmyndband á alla 20 þúsund notendur WF í dag um áskriftina að LM myndböndunum. ÞAG er með það mál. Samþykkt að fá FEIF til að senda þetta líka á sinn póstlista.

5. Starfsmannamál

HBH hefur verið að vinna í starfslýsingum og ráðningarsamningum í samráði við starfsmenn skrifstofu. Sú vinna klárast fljótlega.

6. Svarbréf til Þorleifs Sigfússonar

Samþykkt var að formaður leggi málið fyrir Sigríði Björnsdóttur og jafnvel fleiri dýralækna og svari Þorleifi.



7. Skógarhólar - bókunarkerfi

HKG hefur kannað hvaða möguleikar eru í boði varðandi bókunarkerfi fyrir gistingu og hagabeit á Skógarhólum. Beðið var um tilboði frá Stefnu ehf. sem hýsir vefinn okkar. Tilboðið hljómaði upp á tæpar 1200 þúsund krónur sem HKG þótti of hátt, þó að kerfið væri þó vissulega gott og aðgengilegt framtíðarkerfi. HKG hafði þá samband við tölvunefnd LH og bar upp þá hugmynd hvort ekki væri hægt að nýta það kerfi, með einhverri aðlögun vissulega og kostnaði, þar sem LH er að greiða mánaðargjöld af samningi við greiðslugátt. Að auki er þetta kerfi sem hestamenn þekkja og eru vanir. Samþykkt að HKG haldi áfram umræðum við tölvunefnd (Kristín) vegna þessa.

8. FEIF þingið

- Dagsetning landsmóta: kynnt var að við hyggjumst færa mótið á 2. helgina í júlí og fylgdi sú kynning eftir bréfi sem LH sendi á formenn allra aðildarlandanna í lok síðasta árs. Helst þarf að koma þessu inn í reglur FEIF, til að koma í veg fyrir árekstra við landsmót í öðrum löndum.
- Sportfengur/Icetest: Ictest er að fara í einkarekstur, FEIF mun ekki skylda neinn til að nota það. Svíar eru tilbúnir að prufukeyra Sportfenginn okkar, þann nýja. Mikilvægt fyrir okkur að koma með góða útgáfu af Sportfeng núna í vor.
- Fólk frá okkur nýtt í nefndir FEIF: Sveinn Ragnarsson var kjörinn í menntanefnd og Hlín M. Jóhannesdóttir fékk góða kosningu í leisure riding nefnd.
- Umræða um endurmenntun dómara: dýrt að fá dómara frá Íslandi (gæðingadómarar) 5000 EUR. Það er töluvert kvartað erlendis yfir þessum kostnaði við að endurmennta dómara.

9. Deiliskipulag fyrir hesthúsasvæði á Kirkjubæjarklaustri

Þetta var sent á mannvirkja- og samgöngunefnd. Formaður samgöngunefndar hefur svarað þessu þannig að nefndir gerir engar athugasemdir. Bíða þarf eftir svari frá mannvirkjanefnd og svara svo erindinu. LÁH.

10. Íþróttaping ÍSÍ

Rætt aðeins og skoða þarf vel þátttöku okkar þar. Samþykkt að skrifstofa skoði fulltrúafjölda okkar og fleira tengt þinginu.

11. Önnur mál

- Fundur í RúV, HB, Óskar Nik, Hilmar Björnsson. Gerður verður sjónvarpsþáttur um „Allra sterkustu“. Vonandi verður líka af því að gerður verður þátturinn „Leiðin á HM“ s.s. um landsliðið sem halda mun á HM2017 í Holladi á vegum LH. Jákvæður fundur. Ekki víst að Íslandsmótið verði sýnt beint að þessu sinni, en þá verður a.m.k. gerður þáttur. Mikilvægt að við tölum við okkar fólk um hvernig talað er við fjölmiðla. Þarf að tala við fleiri en reynda/þekkta knapa. Góður punktur fyrir landsliðsnefnd.
- Nýr Sportfengur, EJG: tölvunefndin er að testa kerfið. Hver dómari skráir sig inn með sínum aðgangi og sendir einkunnir inn í gegnum hann. Eftir mótið geta dómara skoðað einkunnir, hvar hann liggur o.fl. Fá kynningu á kerfinu á næsta stjórnarfund. Nefndin er ánægð með kerfið og líst vel á.



- c. Þátttaka í reiðhallarsýningu í Rangárhöllinni: samþykkt að vera með.
- d. AMP sagði frá því að hún sendi bréf á þau félag sem eru með reiðhús og bað um rekstrarfyrirkomulagið á þeim til að hægt verði að gera samanburð. Forsvarsmenn svara AMP sem sér um að halda utan um verkefnið áfram.
- e. AMP: sendi á stjórn og skrifstofu reglugerð frá Létti um gull- og silfurhafa til að hafa til samanburðar fyrir LH.

*Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:30.
Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir.*